

Nr. 148 / 10 Herjólfur**Atvik í Landeyjahöfn**

Skipaskr.nr. 2164
Smíðaður: Noregi 1992, stál
Stærð: 2222,4 brl. 3354 bt
Mesta lengd: 70,7 m Skráð lengd: 67,6 m
Breidd: 16,0 m Dýpt: 10,7 m
Vél: Man B&W 5400 kw, 1992
Áhöfn: 14

Gögn:

Gögn RNS

Slysaskýrsla frá skipi



Herjólfur©Hilmar Snorrason


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 8. apríl 2011 af Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni, Pálma K. Jónssyni og Jóhanni Ársælssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 17. nóvember 2010 var Herjólfur að koma til hafnar í Landeyjahöfn. Veður: N 3-4 m/s.


Þegar skipið var komið rétt inn fyrir hafnargarðana fékk það öldu undir sig að aftan með þeim afleiðingum að það snérist í innsiglingunni. Skipstjóra tókst að snúa því aftur og sigla að bryggju.



Kortið sýnir hvernig sigling skipsins var samkvæmt ferilskráningu.

Við rannsókn kom fram:

- að sjávarhæð kl. 11:00 var 1,23 m, alda á dufli 1,58 m og sveiflutími 7,5 sek. Vesturfall var við höfnina og þverstraumur var á bilinu 2-3 hnútar eða 1,5 m/sek.;
- að viðmiðunarmörk um örugga siglingu er að ölduhæð sé ekki meira en 2,5 m og vindstyrkur undir 16-18 m/sek. Samkvæmt þessu hafa aðstæður verið vel undir viðmiðunarmörkum;
- að fram kom hjá skipstjóra að aðstæður hefðu vírst mjög góðar;
- að siglingahraði skipsins var 9-10 hnútar. Djúprista skipsins var 4,2 m við bryggju en að teknu tilliti til lóðréttis sogs (squat) við þessar aðstæður hefur djúpristan verið um 5-5,2 m.;
- að mælt dýpi frá dýptarmæli skipsins við atvikið er samkvæmt kortinu minnst rétt fyrir utan garðinn 5,57 m og 3,99 m fyrir innan garðinn;



- að fram kom að erfitt væri fyrir skipstjórnarmenn að meta hvort möguleiki væri á siglingu til Landeyjarhafnar því það þyrfti að liggja fyrir kl. 18:00 deginum áður. Skipstjórnarmönnum fannst vanta upp á að tryggja dýptartölur lægu fyrir.

Nefndarálit:

Nefndin ályktar ekki í málinu en hefur sent Siglingastofnun Íslands bréf um að allt verði gert til að tryggja öryggi skipsins á ferðum sínum um höfnina.